

Ályktunartillögur stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.

fyrir aðalfund félagsins þann 16. mars 2023

Dagskrárliður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2022 á vefsíðu VÍS; www.vis.is/fjarfestar. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra VÍS, Guðnýju Helgu Herbertsdóttur.

Dagskrárliður 3

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,554 kr. á hlut fyrir reikningsárið 2022. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 951 milljón króna, en að teknu tilliti til eigin bréfa munu 940 milljónir króna greiðast til hluthafa. Arðsákvörðunardagur er 16. mars 2023 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 20. mars 2023 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 17. mars 2023 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 28. mars 2023 (arðgreiðsludagur).

Greinargerð:

VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70. Arðgreiðslustefnu félagsins var breytt á síðasta aðalfundi félagsins, en hún mælir fyrir um að greiða skuli að lágmarki 40% af hagnaði síðasta árs eftir skatta til hluthafa. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar án arðgreiðslu og endurkaupa er 1,69 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1,57 í árslok 2022.

Dagskrárliður 4

Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Stjórn leggur til að starfskjarastefna félagsins eins og hún er lögð fram af stjórn fyrir aðalfund verði samþykkt.

Greinargerð:

Helstu breytingar sem lagðar eru til eru í fyrsta lagi að í stað núgildandi greinar 3.3 komi ný málsgrein undir kafla 3 er taki mið af heimild stjórnar til að veita kauprétt til starfsfólks í samstæðu VÍS. Greinin verði svohljóðandi:

Kaupaukar stjórnenda mega að hluta samanstanda af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum, svo sem kaupréttum að hlutum í félaginu. Heimild þessi skal gilda til framtíðar og jafnframt um ógreidda, frestaða kaupauka vegna fyrri ára.“

Tilgangurinn með því að heimila greiðslu kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga er að samtvinna hagsmuni félagsins og þeirra starfsmanna sem slíka kaupauka hljóta. Samræmist það gildi félagsins um langtímahugsun. Tillagan tekur mið af 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samræmist ákvæðum laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og

endurtrygginga (Gjaldpólsáætlun II), sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 55/2022. Verðmæti kaupauka sem samanstanda af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal miðast við markaðsverð, eða gangverð óskráðra gerninga, er kaupaukinn er veittur. Almennar reglur um kaupauka eiga við um kaupauka sem veittir eru í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga.

Í öðru lagi er lagt til að við starfskjarastefnuna bætist ný grein undir yfirskriftinni „Kaupréttaráætlun samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003“. Greinin verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og gera á grundvelli hennar kaupréttarsamninga við starfsfólk VÍS og dótturfélaga þess. Kaupréttir samkvæmt framangreindri áætlun eru hluti af föstum starfskjörum starfsfólks á meðan áætlunin er í gildi og fellur áætlunin því ekki undir kaupaukakerfi VÍS sem lýtur að breytilegum starfskjörum, sbr. 3. gr. í starfskjarastefnu þessari. Kaupréttaráætlunin skal staðfest af Skattinum áður en henni er komið á fót, og skal hún uppfylla skilyrði 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, þ.e.:

- *Kaupréttur nái til alls starfsfólks (sem ekki er óheimilt er að eiga hlutabréf í félaginu, ef við á).*
- *Hlutabréfum starfsfólks fylgi sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu.*
- *Starfsmaður sé í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu.*
- *Að lágmarki 12 mánuðir líði frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.*
- *Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag.*
- *Starfsmaður eigi hlutabréfin í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.*
- *Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur.*
- *Hámark kaupa hvers starfsmanns sé samanlagt 1.500.000 kr. á ári, eða sú fjárhæð sem kveðið er á um í lögum um tekjuskatt hverju sinni, miðað við kaupverð samkvæmt samningi.*
- *Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við úthlutun kaupréttar.*

Stjórn er heimilt að úthluta kaupréttum að hlutum sem nema að hámarki 1,1% af hlutfé félagsins á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar.“

Tilgangurinn með því að heimila stjórn að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er að samtvinnu hagsmuni félagsins og starfsmanna og gefa starfsmönnum kost á að njóta þess með beinum hætti ef félaginu vegnar vel.

Í ljósi yfirstandandi endurskipulagningar samstæðunnar og breytinga í hópi stjórnenda eru lagðar til aðrar smávægilegri breytingar, s.s. að greiðsla kaupauka, allt að 25% af árslaunum, sé ekki takmörkuð við tilgreinda stjórnendur. Þá eru lagðar til breytingar sem snúa að því að heimila að kaupaukar séu greiddir út sem kaupréttir, innan þeirra takmarkana sem settar eru í starfskjarastefnunni og heimild veitt til að greiða ráðningarkaupauka sem þjónar þeim tilgangi að auka svigrúm félagsins til að laða að hæft starfsfólk.

Starfskjarastefna með upplýsingum um kaupaukakerfi er í sérstöku skjali sem fylgir ályktunartillögum þessum.

Hámarksgreiðsla kaupauka til almennra starfsmanna verður kr. 500.000 á hvern starfsmann og 25% af árslaunum í tilfelli stjórnenda. Með því að greiða kaupauka stjórnenda út í formi kaupréttar næst fram kostnaðarhagræði fyrir félagið. Hámarkskostnaður vegna kaupaukakerfisins 2023 getur mest orðið 220 milljónir króna með launatengdum gjöldum að því gefnu að allur kaupauki yrði greiddur út í formi launagreiðslna.

Dagskrárliður 5

Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 16. mars 2023 samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr 1.750.000.000 að nafnverði í kr. 1.696.700.000, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 53.300.000 verði þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um endanlegt samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins.“

Greinargerð:

Aðalfundur félagsins þann 17. mars 2022 veitti stjórn heimild að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi: i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, sem nemur allt að 10% af hlutafé þess, með nánari skilyrðum sem tilgreind voru í ákvörðuninni. Stjórn félagsins samþykkti endurkaupaáætlun á grundvelli heimildarinnar þann 29. september 2022, en á grundvelli hennar voru keyptir hlutir í félaginu alls að nafnverði kr. 53.300.000 miðað við dagsetningu fundarboðs aðalfundar. Endurkaupaáætlunin var framkvæmd í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, sbr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. framselda reglugerð nr. 2016/1052 um tæknilega staðla og skilyrði endurkaupaáætlana.

Dagskrárliður 6

Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

TILLAGA I: Lagt er til að tilgangssákvæði samþykpta félagsins verði breytt með þeim hætti að eftirleiðis verði tilgangi félagsins lýst með eftirfarandi hætti:

„Tilgangur félagsins er að fara með eignarhald á hlutum í félögum á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingastarfsemi, váttryggingastarfsemi og annars skylds reksturs. Jafnframt kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, sala og eignarhald verðbréfa og kaup, sala og eignarhald í dóttur- og hlutdeildarfélögum, eigin fjárfestingastarfsemi og þjónusta við dótturfélög.“

Enn fremur rekstur váttryggingastarfsemi og allrar leyfilegrar hliðarstarfsemi, þ.á m. endurtryggingastarfsemi, annarrar en líftryggingastarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis.“

Greinargerð með tillögu: Breytingar eru lagðar til á tilgangssákvæði samþykpta félagsins í ljósi þeirra áherslubreytinga sem kynntar voru á síðasta aðalfundi og ítrekaðar í tilkynningu félagsins þann 10. janúar sl. þar sem fram kemur að: „Markmið stjórnarinnar er að gera VÍS að enn vænlegri fjárfestingakosti á markaði með skýrri sýn á vöxt, þróun og fjármagnsskipan. Liður í því er að gera félagið söludrífna, efla tengsl við viðskiptavinum og vera í fararbroddi við að innleiða nýjungar í tryggingastarfsemi. Samhliða stefnir VÍS á að verða virkur þátttakandi í þróun fjármálastarfsemi á Íslandi með áherslu á arðsaman vöxt, eignastýringu og ýmis önnur tækifæri sem hafa opnast á fjármálamarkaði.“ Stjórn félagsins hefur tekið skref í átt að framangreindu markmiði með undirritun viljayfirlýsingar um kaup á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf. sem tilkynnt var um þann 15. febrúar sl. Eitt af því sem liggur fyrir að meta í samningaviðræðum um kaupin er hvernig framtíðarskipulagi samstæðu verði best hagað m.t.t. vaxtar, stjórnarháttar og hagræðingar. M.a. verður skoðaður möguleiki og fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins verði færð í dótturfélag. Með framangreindum breytingum á tilgangi félagsins eru breyttar áherslur undirstrikaðar og gert ráð fyrir möguleika þess að reka váttryggingarekstur ýmist áfram innan félagsins eða í sérstöku dótturfélagi.

TILLAGA II: Verði tillaga samkvæmt dagskrárlíð 5 um lækkun hlutafjár samþykkt, skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins, að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við samþykktu hlutafjárlækkun, þannig að 3. gr. samþykktu félagsins orðist svo:

„Hlutafé félagsins er 1.696.700.000 - einn milljarður sexhundrað níutíu og sex miljónir og sjöhundruð þúsund“.

Greinargerð: Breytingartillagan skýrir sig sjálf, og er háð því að tillaga skv. dagskrárlíð 5 verði samþykkt.

TILLAGA III: Stjórn leggur til breytingu á 2. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins um að heimilt sé að boða til hluthafafundar með skemmst þriggja vikna fyrirvara en lengstur verði fyrirvarinn 6 vikur í samræmi við nýmæli í 1. mgr. 88. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995, þannig að 2. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins orðist svo:

„Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst sex vikna fyrirvara.“

Greinargerð: Breytingartillagan skýrir sig sjálf.

TILLAGA IV: Stjórn leggur til að við 11. gr. samþykktu félagsins bætist við ný 4. málsgrein sem orðist svo:

„Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar tilkynni félaginu um þátttöku sína á hluthafafundi með allt að 2 daga fyrirvara og skal það koma fram í fundarboði með skemmst þriggja vikna fyrirvara.“

Greinargerð með tillögu: Breytingartillagan er lögð fram með vísan til nýmæla sem innleidd hafa verið í 80. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 sem heimila félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði að kveða á um það í samþykktum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frest sem skal þó ekki vera lengri en ein vika. Ekki er gengið jafn langt og lögin heimila, en talið hæfilegt að stjórn geti ákveðið að hluthafar skuli tilkynna um þátttöku sína á hluthafafundi með allt að 2 daga fyrirvara. Frestinum er ætlað að auðvelda félaginu að undirbúa fundinn og koma upplýsingum á framfæri við hluthafa nægilega tímanlega fyrir hluthafafund.

Dagskrárlíður 7

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefnd

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun hækki um u.þ.b. 6,76% á mánuði og verði kr. 475.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 913.000 fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð 475.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 128.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Lagt er til að föst mánaðarleg þóknun verði greidd fyrir störf í undirnefndum stjórnar sem hér segir, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn:

Fyrir setu í endurskoðunarnefnd kr. 80.000 á mánuði

Fyrir setu í starfskjaranefnd kr. 54.000 á mánuði

Fyrir setu í áhættunefnd kr. 80.000 á mánuði

Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði óbreytt, eða kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Greinargerð með tillögu: Lagt er til að stjórnarlaun taki sambærilegum hækkunum og samið var um í síðustu kjarasamningum milli VR og SA. Þá er lagt til að nefndarlaun í undirnefndum stjórnar, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og áhættunefnd breytist með sambærilegum hætti. Heildarlaunakostnaður vegna stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar hækkar um 6,27%.

Dagskrárliður 8

Kosning til stjórnar félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa fimm aðalmenn til stjórnar og tvo til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á [vefsíðu félagsins](#). Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 laugardaginn 11. mars nk.

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið tilnefningarnefnd@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða aðgengilegar á [vefsíðu félagsins](#) eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, auk þess sem þær verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins.

Dagskrárliður 9

Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag VÍS.

Greinargerð:

PricewaterhouseCoopers ehf. var á aðalfundi 2018 kjörið endurskoðunarfélag VÍS og endurkjörið á aðalfundum 2019-2022.

Dagskrárliður 10

Kosning tilnefningarnefndar

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa þrjá nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á [vefsíðu félagsins](#). Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3, Reykjavík. Framboðsfrestur til setu í tilnefningarnefnd VÍS rennur út kl. 16:00 laugardaginn 11. mars nk.

Dagskrárliður 11

Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun, iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, iv) að mæta skuldbindingu vegna kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og til greiðslu kaupauka til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins og/eða v) sem gagngjald í viðskiptum, þannig að félagið ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, sem nemur allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn óskar eftir nýrri heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Vakin er athygli hluthafa á því að lagarammi váttryggingafélaga gerir ráð fyrir fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins til endurkaupa á eigin hlutum í því skyni að lækka hlutafé. Lækkun hlutafjár í kjölfar endurkaupa verður ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Nýr iv. liður að ofan er nátengdur tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 4) og þjónar þeim tilgangi að skjóta stoðum í samþykktum félagsins undir heimild stjórnar til að gera samninga við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og samninga við stjórnendur um kauprétti til greiðslu kaupauka í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins. Heimild stjórnar til að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn er sett skýr mörk í starfskjarastefnu félagsins.

Skal stjórn miða við að forsendur fyrir endurkaupum á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð, að gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar og að lausafjárstaða verði áfram sterk.

Dagskrárliður 12

Önnur mál löglega fram borin